

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarjett.

Frá allsherjarnefnd.

Í neðri deild Alþingis kom í fyrra fram frumvarp um breyting á hæstarjettarlögunum og fór í þá átt, að hæstarjettardómendur skyldu hafa á bendi lagakensluna við háskólann og koma að öllu í stað prófessora lagadeildarinnar. Frumvarp þetta var felt, en í sameinuðu þingi var samþykkt tillaga s. á. um að skora á stjórnina:

1. Að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um að fækka dómendum í hæstarjetti um tvo.
2. Að málaflutningur við hæstarjett verði skriflegur og hæstarjettarrítaraembættið lagt niður.
3. Að veita ekki þau dómaraembætti í hæstarjetti, er losna kunna, meðan þessar breytingar eru á döfnni.

Ríkisstjórnin hefir ekki orðið við áskorun þessari um að leggja þannig lagað frumvarp fyrir þingið, en það frumvarp, er ræðir um í þessu nefndaráliti, hefir tekið upp innihald áskorunarinnar um fækkun dómenda og afnám ritaraembættisins.

Dómsmálaráðuneytið hefir leitað álits hæstarjettardómendanna um málið, og hefir dómstjóri svarað í bræfi, dagsettu 28. nóv. f. á., sem hjer er prentað (fylgiskjalið). Svára fjórir af dómendum því, »að þeir telji þessar breytingar allsendis óráðlegar, með því að enn er eigi fengin nægilega ábyggileg reynsla fyrir því, hvernig breytingin, sem gerð var á skipun ædsta dómsvaldsins með lögum 6. okt. 1919, muni reynast til frambúðar«. Einn dómendanna, Lárus H. Bjarnason, vísar um álit sitt í málinu til ritgerðar hans um dómaskipun í Andvara f. á. Sjá að öðru leyti fylgiskjalið.

Hæstarjettardómari Lárus H. Bjarnason hefir ritað um frumvarp þetta grein, sem ekki er enn útkomið, en hann hefir góðfúslega lofað nefndinni að sjá í próförk. Í grein þessari tekur hann það fram, meðal annars, að gera verði þá aðalkröfu til hvernar almannastofnunar, að skipulag hennar svari sem best til ætlunarverksins, og beri þá sennilega ekki síst að gera þessa kröfu til dómsvaldsins, »er ósjaldan er nauðleitarhöfn einstaklinga í mestu vandræðum þeirra«.

Í greininni segir enn fremur:

»Jeg gat þess í ritgerðarkorni, sem birtist í Andvara í fyrra, að sennilega hefði að sumu leyti mátt búa enn betur um dómaskipunina en gert er, og lagði sjerstaklega til, að dómstigunum yrði fjölgað sem fyrst. Sje þess kostur nú, ætti að gera það. Mætti þá vafalaust fækka dómurum í hæstarjetti og jafnframt orða fleiri breytingar á hæstarjettarlögunum.

En hitt finst mjer ekki gerandi, að breyta lögnum svo sem farið er fram á í frumvarpinu. Það er fyrst og fremst ógerningur að afnema ritara-embættið, meðan mál eru flutt munnlega í rjettinum. Sami maðurinn getur ekki samtímis tekið eftir öllu, sem fram fer í rjettinum, og haldið þingbókina.

Enn munu þeir — ekki síst útlendingar —, sem trúá því, að betur sjái augu en auga, eiga bágt með að skilja það, að dómur rjettarins mundu yfirleitt batna, ef dómaraaugunum væri fækkað úr 10 niður í 6. Ekki þarf heldur breyting á lögnum til þess að girða fyrir það, að skipað yrði sæti, er kynni að losna, og með því móti gert erfðara um fækkun síðar, ef lög-gjafanum sýndist svo. Til þess að setja undir þann leka þyrfti ekki annað en þingsályktun eða rökstudda dagskrá.

Telur hann að ýms rök megi færa fyrir því að setja aldursmark fyrir embættismenn, en þá eigi ekki að gera það fyrir dómara eina, og eigi slíkt ákvæði heima í launalögum, en ekki sje það til sparnaðar, meðan eftirlaun haldast. Loks telur hann það eigi rjett, sem frumvarpið gerir, að láta aðilja ráða jafnundirstöðukendu atriði og því, hvort mál skuli rekið munnlega eða skriflega. Annars telur hann skriflegan málslutning munu eiga fult eins vel við, meðan dómstigin eru ekki nema tvö.

Það er bert, að tillögur þær, er fram hafa komið á þingi um breyting á hæstarjettarlögnum, eru gerðar til þess að spara, og nefndin viðurkennir að sjálf-sögðu þörfina á að spara eða draga úr kostnaði ríkissjóðs til embætta svo sem má. En þegar um æðsta dómstól ríkisins er að ræða, verður á fleira að lita. Eins og tekið er fram af öllum hæstarjettardómendum, er hæstirjettur unguir dómur, ekki nema rúmra 3 ára, og er því fullljótt að fara að breyta skipun hans. Samt er nefndin þeirrar skoðunar, að vel geti komið til mála að fækka hæstarjettardómendum um tvo, en þá verður að athuga það grandgæfilega, hvort ekki verði þá nauðsynlegt að fjölga jafnframt dómstígnum, eins og hæstarjettar-dómari Lárus H. Bjarnason hefir lagt til.

Eins og sjeft á framansögðu, eru hugir manna þýsna sundurleitir í þessu máli, svo að sennilega er ekki vert að hrapa að því að breyta. En aðalatriðið er, að málið hefir eigi verið svo athugað og rannsakað, sem krefjast verður, þegar um eins afarþýðingarmikið atriði er að ræða fyrir land og þjóð sem breyting á skipun hins æðsta dómstóls og jafnframt, ef til vill, á dómaskipun landsins að öðru leyti.

Nefndin telur sjer því, að öllu athuguðu, ekki fært að gera neinar ákveðnar tillögur um málið, en byggir á því, að ríkisstjórnin taki það til athugunar. Þá telur nefndin sjálfgefið, að ríkisstjórnin taki til greina 3. tölulið framannefndrar þingsályktunartillögu, og ræður háttv. deild til að afgreiða málið með svo feidri

#### DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin taki dómaskipun landsins til athugunar, og sjerstaklega að hún taki til greina 3. tölulið þingsályktunar þeirrar, sem Alþingi

1922 samþykki, um að veita ekki dómaraembætti í hæstarjetti, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. apríl 1923.

Jón Magnússon,  
form. og frsm.

Sigurður H. Kvaran.

Guðm. Guðfinnsson,  
fundaskr.

### Fylgiskjal.

#### HÆSTIRJETTUR

28. nóvbr. 1922.

Með virðulegu brjefi, dags. 21. þ. m., hefir stjórnarráðið beiðst álit og umsagnar hæstarjettar um ályktun síðasta Alþingis 21. apríl 1922 um breyting á hæstarjettarlögunum á þann veg, að dómendum sje fækkað um tvo, að málflytningur verði skriflegur, og að hæstarjettarritara embættið verði lagt niður. Mál-efni þetta hefir verið lagt fyrir dómendum rjettarins, og höfum vjer rætt það á fundi, og hafa fjórir okkar orðið sammála um að svara því, að þeir telji þessar breytingar allsendis óráðlegar, með því að enn er eigi fengin nægilega ábyggileg reynsla fyrir því, hvernig breytingin, er gerð var á skipun æðsta dómsváldsins með lögum 6. okt. 1919, muni reynast til frambúðar, en þá er vissulega óvit að fara að breyta aftur eftir svo skamman tíma í þá átt að færa fyrirkomulagið í eldra horfið, einkum með tilliti til þess, að reynsla sú, sem fengin er síðan áður-nefnd lög gengu í gildi í ársbyrjun 1920, bendir að voru álit ótvírátt í þá átt, að hið nýja fyrirkomulag muni reynast mjög sæmilega og verða almenningi geðþekkt, þegar hann fer að venjast því.

Þess skal ennfremur getið, að 3. mars s. l. skrifuðum vjer Alþingi (sparn-aðarnefndinni) brjef upp á fyrirspurn þess um þetta efni. Leyfi jeg mjer að vísa til þessa brjefs, sem fylgir hjer með í eftirriti.

Einn dómendanna, L. H. Bjarnason, vísar um álit sitt á málinu til ritgerðar hans um dómaskipun í Andvara þ. á.

Fylgiskjalið endursendist.

Kristján Jónsson.

---

Björn Þórðarson.

Til  
dóms- og kirkjumálaráðuneytisins,